

Nd.

23. Framvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

8. gr. orðist þannig:

Nú liggur tún eða engjar tveggja eða fleiri manna saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beutilandi annara, og landeigandi eða ábúandi í samráði við landeiganda vill leggja á mörkum löggarð, slíkan sem í 1. gr. segir, og samkomulag næst eigi við þann ábúanda eða landeiganda,

er land á á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það. Skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir alla, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði að tiltölu við gagn hvers um sig.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kaupsins og verður að álitu úttektarmanna fyrir miklum ágangi af beit frá kaupsinu, og er þá landeiganda eða ábúanda heimilt að girða landið gegn endurgjaldi frá kaupsinu, eða þess, er land á undir því, svo sem áður er um mælt. Um viðhald fer og eftir sömu reglum.

Úttektarmenn skulu meta verð girðingar. Kaup úttektarmanna telst til girðingarkostnaðar.

2. gr.

Aftan við 9. gr. bætist:

Hverjum þeim, er þykir njetti sínum hallað af úttektarmönnum, þá er mat fer fram á girðing eða girðingarkostnaði, er heimilt að krefjast yfirúttektar. Fer um þá úttekt svo sem fyrir er mælt um yfirúttekt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella þau inn í texta girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913, og getur konungur þá gefið þau lög þannig út þannig breytt.